



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. apríl 2012  
Tilvísun: UST20120400012/hrm

## Útgáfa bráðabirgðaskírteina

Sett hefur verið ný reglugerð þar sem sett eru tímamörk um hvenær fyrirtæki og starfsmenn þeirra skulu hafa fengið vottun fyrir umsjón og viðhald búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir þar með talið lekaleit, uppsetningu og endurheimt efna.


Fyrirtæki og starfsmenn þeirra sem starfa við umsjón og viðhald búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu sækja um bráðabirgðavottun til Umhverfisstofnunar fyrir 20. apríl 2012 eins og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 269/2012 (breyting á reglugerð nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir):

*Starfsmönnum og fyrirtækjum sem við gildistöku þessarar reglugerðar annast einhver af þeim störfum sem getið er í 7. og 8. gr. er heimilt að starfa áfram til 1. júlí 2013 þrátt fyrir að hafa ekki hlotið vottun samkvæmt þessum greinum. Heimild þessi gildir eingöngu hér á landi en ekki í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Starfsmenn og fyrirtæki sem framangreint á við um skulu eigi síðar en 20. apríl 2012 senda umsókn til Umhverfisstofnunar sem gefur út bráðabirgðaskírteini þessu til staðfestingar.*

Búnaðurinn sem hér er átt við eru kælikerfi, varmadælur og loftræstikerfi sem innihalda meira en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum (6 kg fyrir loftþétt kerfi) auk háspennurofa.

Upplýsingar um þetta er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar (slóð til bráðabirgða):  
<http://eldri.ust.is/media/log/vottun.htm>

Virðingarfyllst

  
Haukur Magnússon  
sérfræðingur

